



Hafnarfjörður, 8.2.2020

2022-02-0258

GP

Málefni: Athugasemdir Hafrannsóknastofnunar við frumvarp um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (152. löggjafarþing, þingskjal 355 – 251. mál).

Hafrannsóknastofnun gerir athugasemd við fyrstu málsgrein 6 gr. í breytingatillögunni. Þar er kveðið á um að afli sem fæst við strandveiðar reiknist ekki til aflamarks eða krókaaflamarks. Skilja má að breytingin heimili veiðar umfram ráðlagðan hámarksafla. Slík breyting telur stofnunin að samræmist ekki þeirri sjálfbærnistefnu við stjórn fiskveiða sem stjórnvöld hafa sett sér með því að stjórna veiðum samkvæmt aflareglum og vísindalegri ráðgjöf sem byggir á varúðarnálgun og hámarksafrakstri til lengri tíma litið.

Þær aflareglur sem íslensk stjórnvöld hafa sett á undanförunum árum og áratugum hafa það að meginmarkmiði að stuðla að hámarksafrakstri til lengri tíma innan ramma þess sem varúðarnálgun gefur. Þetta þýðir að ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar sem byggir á áður nefndum aflareglum er hámarksafla sem hægt er að veiða á hverju ári. Sé veitt umfram það sem aflareglur gefa er verið að veiða meira en stofninn getur staðið undir til lengri tíma litið.

Ef litið er til þróunar ráðgjafar, setts aflamarks og afla í helstu botnfisktegundum eins og þorski og ýsu má sjá að aflamark hefur á síðari árum alltaf verið sett jafnt ráðgjöf. Landaður afli hefur hinsvegar oft verið umfram sett aflamark. Rétt er þó að taka fram að bilið milli afla og aflamarks hefur minnkað verulega á undanförunum árum sem er jákvæð þróun. Það að nýtingarstefnu hafi verið fylgt og að stjórn veiðanna hafi haldið afla nálægt því sem stefnt er að er ástæða þess að ástand helstu nytjastofna er gott hér við land. Þá er átt við stærð hrygningarstofs og aldursdreifingu í stofni.

Hafrannsóknastofnun ítrekar mikilvægi þess að afli fari ekki fram úr ráðgjöf samkvæmt aflareglum sem byggja á langtímasjónarmiðum um hámarksafrakstur og varúðarnálgun. Í ljósi ofangreinds telur stofnunin að frjálsar veiðar vinni gegn markmiðum um nýtingu nytjastofna sem stjórnvöld hafa sett sér.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna,

Guðmundur Þórðarson